




## Eddufell 2-8 – USK23110091

### Fyrirspurn vegna fjölgun íbúða

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. nóvember 2023 var lögð fram fyrirspurn Eddufells 2-6, fasteignafélag. ehf., dags. 7. nóvember 2023, ásamt greinargerð Kristins Ragnarssonar f.h. Eddufells ehf., dags. 25. október 2023, um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fell, vegna lóðarinnar nr. 2-8 við Eddufell sem felst í fjölgun íbúða á efstu hæð hússins að Eddufelli 2-4 úr tveimur íbúðum í fjórar. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30.nóv.2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulag



Loftmynd

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu eru Eddufell 2-8 skilgreint sem verslun og þjónusta.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 02.12.2021

### Umsögn

- Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir verslunarhúsnæði á neðri hæðum og 14 íbúðum. Áhersla hefur verið á að fá fram fjölbreytileika í stærð og gerðum íbúða í Reykjavík. Við vinnu við hverfisskipulag Efra Breiðholts var kallað eftir stærri íbúðum í hverfið og þykir því full ástæða til að halda í fjölbreytt stærðarform og fjölda herbergja innan húsnæðisins.

### Niðurstaða

Neikvætt er tekið í erindið. Tillagan samræmist ekki deiliskipulagi.

### f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Laufey Björg Sigurðardóttir, arkitekt